

Nd.

57. Framvarp

til laga um breyting á lögum nr. 58, 28. nóv. 1919 [*Bæjarstjórn á Siglufrði*].

Flutningsm.: Stefán Stefánsson.

1. gr.

19. gr. hljóðar svo :

Niðurjöfnun eftir efnun og ástæðum nær til allra, sem hafa fast aðsetur í kaupstaðnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fullt gjald eftir öllum efnahag sinum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og galdið þar útsvar. Þá skal draga frá útsvarinu tiltölu-

og skal þá bæjarstjórn heimilt að ákveða, að leigurjettur lóðarinnar sje fallinn til bæjarins endurgjaldslaust; þó má bæjarstjórn aldrei taka slíka ákvörðun fyrir en tveimur árum eftir að heilbrigðisnefnd hefir fyrirskipað þurkun eða uppfyllingu lóðarinnar, og lóðin á þeim tíma ekki verið þurkuð eða fyllt upp, svo heilbrigðisnefnd telji fullnægjandi.

Ef hlíta á þessum ákvæðum, skal fyrirskipun heilbrigðisnefndar um þurkun eða uppfyllingu lóðar birt hlutaðeigandi leigutaka, ef bústaður hans er kunnur bæjarstjórn, ella í Lögbirtingablaðinu, með minst eins árs fyrirvara.

5. gr.

34. gr. verður 36. gr.

6. gr.

37. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Þá er lög þessi öðlast staðfestingu konungs, skal færa þau ásamt lögum nr. 49, 27. júní 1921, inn í meginmál laga nr. 58, 28. nóv. 1919, og gefa þau út svo breytt.

7. gr.

35. gr. verður 38. gr. og hljóðar svo:

Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1923, og eru jafnframt úr gildi numin þau lagaákvæði, er koma í bága við þau.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er samið af bæjarstjórn Siglufjarðarkaupstaðar og er tilgangurinn með því einkum sá, að aukaútsvar megi leggja á þá atvinnu í kaupstaðnum, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verzlun, kaupskapur, þilbátatúgerð eða bátfiski, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar. Er þetta ákvæði mjög mikið skilyrði fyrir eðlilegum þroska og knýjandi framkvæmdum innan kaupstaðarins, sem ræður af líkum um svo ungan kaupstað, sem hefir sterkan ánuga á því að koma á veg sem flestu af því, er telja verður brýna nauðsyn, ekki einasta fyrir íbúa kaupstaðarins, heldur einnig öllum fjöldanum af aðkomumönnum, og skal jeg að eins benda á það, er næst liggur: Bærinn verður að kosta dýra lögreglu, að miklu leyti vegna aðkomufólks, byggja dýrt sjúkraskýli og hafnarbryggju ásamt ýmsu fleir.

Að sjálfsögðu verður sú útsvarsálagning að standa í sambærilegu hlutfalli við útsvör þar búsettra manna.

Þá hefir það komið fyrir, að útlendingar, sem eiga verðmætar fasteignir að höfninni, hafa selt slíkar eignir erlendis fyrir lágt verð, án þess að Siglufjarðarkaupstaður eða innlendir menn hafi haft hugmynd um. Með frumvarpinu á því það að vinnast, að kaupstaðurinn geti með tímanum náð eignarhaldi á þeim fasteignum, er mesta þýðingu hafa fyrir höfnina. Það er því hjer verið að tryggja það, að eignirnar komist á innendar hendur.

lega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í kaupstaðnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur, þilbátaútgærd eða bátfiski, má leggja útsvar á þá atvinnu, þótt hún sje ekki rekin nema 4 vikur og atvinnurekandi eigi heimili annarsstaðar.

Á kaupfjelög og þöntunarfjelög má leggja útsvar, ef þau hafa leyst borgarabryef og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins. Ef um samvinnufjelag er að ræða, fer um útsvar þess eftir lögum nr. 36, 27. júlí 1921.

Á sildarkaup og sildarsölu, sildarverkun á landi eða á höfn, allskonar bræðslu og allskonar verksmiðjuíðnað, á ábúð á jörð eða jarðarhluta, á leiguliðaafnot af jörð, þótt engin ábúð fylgi, má leggja útsvar, þótt atvinnan sje rekin enn styttri tíma.

Nú er hvalur, selur eða sild lögð á land eða á höfn innan lögsagnarumdæmisins, og má þá leggja aukaútsvar á veiði slíkrar sildar, sels eða hvals.

Svo má og leggja útsvar á lóðarafnot eða aðrar fasteignir, er gefa einhvern arð.

2. gr.

Í stað orðanna í 1. málgr. 21. gr.: »í októbermánuði« komi: í febrúarmánuði.

3. gr.

34. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Þegar fasteign, sem liggur að sjó á Siglufjarðareyri eða innanvert við höfnina, gengur kaupum og solum, skal eignin fyrst boðin til kaups hafnarsjóði Siglufjarðarkaupstaðar, sem hefir öðrum fremur rjett til að ná kaupum á eigninni, enda sjeu hafnarsjóði ekki gerð erfiðari borgunarkjör eða aðrir skilmálar en í raun og veru standa öðrum til boða. Hafnarsjóður skal segja til innan 2 vikna frá því, er honum voru boðin kaupin, ella má öðrum selja.

Yfirlýsing hafnarsjóðs um að afsala sjer forkaupsrjetti gildir eigi lengur en 1 ár. Ef fyrirmælanina um forkaupsrjett hjer að ofan er ekki gætt, getur hafnarsjóður krafist, að gerningur sá, sem fer í bága við forkaupsrjettinn, sje ógildur metinn gagnvart hafnarsjóði, og á hafnarsjóður rjett á að ganga inn í kaupin, enda sje lögsókn hafin innan 8 mánaða frá því að hafnarnefnd Siglufjarðarkaupstaðar og bæjarstjörn fjekk áreiðanlega vitneskju um misfelluna. Auk þess ber seljanda að bæta hafnarsjóði það tjón, er hann kann að hafa beðið af broti gegn ákvæðum þessarar greinar.

4. gr.

35. gr., sem er ný grein, hljóðar svo:

Nú eru lóðir innan kaupstaðarumdæmisins, sem leigðar eru út til bygginga, ekki þurkaðar eða fylltar upp, svo sem heilbrigðisnefnd telur þurfa,

Þá er enn fremur ákvæði, sem að mestu snertir heilbrigðismál kaupstaðarins. T. d. hafa einstakir lóðareigendur vanrækt árum saman að fylla upp eða þurka á lóðum sínum polla eða síki, sem heilbrigðisnefnd hefir þó strengilega fyrirskipað, en nú gerir frumvarpið ráð fyrir, að slíkar lóðir geti fallið til bæjarins eftir ákveðinn tíma.